

Mánudaginn 1. september 1997.

Nr. 296/1997.

Gunnsteinn A. Jakobsson

(Ástráður Haraldsson hrl.)

gegn

Óskari Ingiberssyni

(Magnús Thoroddsen hrl.)

Kærumál. Niðurfelling máls.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 26. júní 1997. Með bréfi 1. september 1997 tilkynnti sóknaraðili, að hann krefðist þess nú, að málið yrði fellt niður. Með vísan til c-liðar 1. mgr. 105. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 4. mgr. 150. gr. sömu laga svo og 2. mgr. 164. gr. og 166. gr. þeirra, eins og þeim greinum var breytt með lögum nr. 38/1994, er málið fellt niður fyrir Hæstarétti.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af kæru málsins.

D ó m s o r ð:

Mál þetta er fellt niður.

Kærumálskostnaður fellur niður.
